

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1055/2013****2014/EES/23/05****frá 25. október 2013****um leyfi fyrir blöndu með ortófosfórsýru sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE⁽²⁾.
- 2) Blanda með ortófosfórsýru var leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 76/603/EBE⁽³⁾. Blandan var síðan færð inn í skrá Bandalagsins yfir fôðuraukefni sem fyrirbyggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á ortófosfórsýru, CAS-númer 7664-38-2, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „rotvarnarefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Umsóknin nær einnig yfir aðra notkun á sama efni sem ákvörðun hefur enn ekki verið tekin um.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 13. desember 2012⁽⁴⁾ að við tillögð skilyrði

fyrir notkun í fôður hafi ortófosfórsýra engin skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða neytenda, ekki sé líklegt að hún skapi frekari áhættu fyrir umhverfið og hún geti mögulega rotvarið fôður. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur að því tilskildu að viðeigandi verndarráðstöfunum væri beitt. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraukefnið í fôðri sem tilvisunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á blöndu með ortófosfórsýru sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum er viðeigandi að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirbyggjandi birgðum af aukefninu, forblöndum og fôðurblöndum sem innihalda það, eins og heimilað er með tilskipun 76/603/EBE.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:*1. gr.*

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „rotvarnarefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fôður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Blandan, sem er tilgreind í viðaukanum, og fôður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 19. maí 2014 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 19. nóvember 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 288, 30.10.2013, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 198, 23.7.1976, bls. 10.

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(1), 3043.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilföðurs með 12% rakainnhald	mg/kg heilföðurs með 12% rakainnhald		
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: rotvarnarefni									
1a338	—	Ortófósífsýra	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með ortófósífsýru (67–85,7%) miðað við massahlutfall (vatnslausn)</p> <p><i>Virkt efni</i></p> <p>Ortófósífsýra</p> <p>H₃PO₄</p> <p>CAS-nr: 7664-38-2</p> <p>Rokgörm sýra: ≤ 10 mg/kg (sem ediksýra)</p> <p>Klóríð: ≤ 200 mg/kg (sem klór)</p> <p>Súlföt: ≤ 1 500 mg/kg (sem CaSO₄)</p> <p><i>Greiningaraðferð⁽¹⁾</i></p> <p>Til að ákvarða ortófósífsýru í fóduraukefninu: titrun með natriumhýdroxíði (sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðahelbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvællum, gæðalýsing efnis „fosfórsýra“⁽²⁾)</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<p>1. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, augnhlíf, hlífðarhanska og hlífðarfatnað.</p> <p>2. Tilgreina skal innihald fosfórs á merkimiða forblöndunar.</p>	19. nóvember 2023

(1) Upplýsingar um greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofnunar: www.inmm.jrc.be/cr1-feed-additives(2) Sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðahelbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvællum, gæðalýsing efnis „Fosfórsýra“, <http://www.fao.org/ag/agn/agn/jeffa-additives/specs/Monograph1/Additive-31.2.pdf>